

# NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

## Yfirlit frjómælinga á Akureyri sumarið 2010

Frjómælingar hófust 14. apríl og stóðu fram í miðjan september eða í 153 daga. Mælingar gengu hnökralaust fyrir sig þar til fyrsta haustlægðin gekk yfir að kvöldi 14. september. Þá stöðvaðist mótör sem dregur inn loft fram hjá strimlinum sem frjókornin festast á. Frjógildran var tekin í hús til viðgerða enda er á þeim tíma orðið lítið um frjókorn í lofti. Skekkjan sem af þessu hlaust er væntanlega lítil þar sem veður kólnaði mikið um þetta leyti auk þess sem langt var liðið á frjótímann.

Heildarfjöldi frjókorna varð 2512 í rúmmetra lofts sem er um 93% af meðallagi áranna 1998–2009. Frjókorn af grasætt reyndust algengust, 995, og voru tæplega 70% af meðallagi. Birkifrjó voru 844, vel yfir meðallaginu sem er 588. Asparfrjó mældust yfir meðallagi (120) en fjöldi súrufrjóa (42) var heldur minni en í meðalári. Öll önnur frjókorn og gró, alls 29 mismunandi gerðir, reyndust 511, sem er lítið eitt fleiri en í meðalári. Í töflunni hér fyrir neðan eru allar frjó- og grógerðir tíundaðar. Þeim er raðað eftir fjölda í hverjum hóp.

Tafla. Frjó- og grógerðir á Akureyri sumarið 2010, raðað eftir fjölda.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Fjöldi frjókorna í m <sup>3</sup> lofts
Gras	Poaceae	995
Birki	<i>Betula</i>	844
Ösp	<i>Populus</i>	120
Stör	<i>Carex</i>	96
Rósaætt	Rosaceae	67
Víðir	<i>Salix</i>	51
Túnsúra o.fl.	<i>Rumex</i>	42
Lyng	Ericales	40
Fura / greni	<i>Pinus / Picea</i>	33
Yllir	<i>Sambucus</i>	30
Elfting	<i>Equisetum</i>	23
Einir	<i>Juniperus</i>	22
Brjóstagrass	<i>Thalictrum</i>	21
Sveipjurtaætt	Umbelliferae	18
Fífill	Compositae Cichorioideae	14
Maðra	<i>Galium</i>	7
Netla	<i>Urtica</i>	5
Sefætt	Juncaceae	5
Sóley	<i>Ranunculus</i>	5
Körfublóm, tungukrýnd	<i>Aster</i>	4
Beitilyng	<i>Calluna</i>	3
Kattartunga o.fl.	<i>Plantago</i>	3
Barnamosi	<i>Sphagnum</i>	2
Jafni	<i>Lycopodium</i>	2
Mjaðjurt	<i>Filipendula</i>	2
Tungljurt	<i>Botrychium</i>	2
Elri (ölur)	<i>Alnus</i>	2
Burknar	Filicales	1
Hélunjóli	<i>Chenopodium</i>	1
Krossblómaætt	Cruciferae	1
Mari	<i>Myriophyllum</i>	1
Mosajafni	<i>Selaginella</i>	1
Óþekkt / ógreind	<i>incognito</i>	49

Fyrsta frjókornið mældist 16. apríl. Það var elrifrjó, en síðan gerði slæmt kuldakast og engin frjó mældust fyrr en síðustu dagana í apríl þegar víði- og lyngfrjó voru komin í loftið.

Fyrstu asparfrjóin mældust 7. maí. Næstu tvær vikur mældust þau hvern dag. Hámarkið varð 12. maí þegar 22 asparfrjó reyndust vera í hverjum rúmmetra lofts. Þegar kom fram í júní fór stöku asparfrjó að mælast aftur, en hafa trúlega verið endurflutt, því blómgun var lokið. Frjótími aspar stóð yfir í tvær vikur, frá 7. til 20. maí, á þeim tíma mældust 116 frjó.

Fyrsta birkifrjóin mældist 19. maí. Með einni undantekningu, þann 21. maí, komu þau fyrir hvern dag fram til 22. júní. Eftir það komu þau stopult fyrir. Þannig varð samfelldur tími birkifrjóa í lofti 32 dagar. Samkvæmt þrengstu skilgreiningu á frjótíma stóð hann yfir í 18 daga eða frá 29. maí til 15. júní. Frjótalan fór hæst í 229 þann 9. júní. Heildarfjöldinn varð 844 sem er yfir meðalfjölda áranna 1998–2009 og það fjórða hæsta sem mælt hefur frá upphafi, en sumrin 2000, 2005 og 2009 urðu þau fleiri.


Eitt stakt grasfrjó mældist 29. maí og

í byrjun júní komu grasfrjó stopult fyrir, en frá 10. júní voru þau nær sleitulaust í loftinu fram til 20. ágúst. Þann 4. og 18. júlí mældust engin grasfrjó. Samfelldur frjótími grasa í ár telst vera 72 dagar. Samkvæmt þrengstu skilgreiningu á frjótíma stóð grastíminn hins vegar yfir frá 1. júlí til 9. ágúst eða í

40 daga. Frjótalan varð hæst 157, þann 8. ágúst. Frjótala grasa fór aðeins í þetta eina skipti yfir 100 í sumar. Heildarfrjöldi grasfrjóa varð 995 og hafa þau þrisvar mælt færri en í ár. Ágúst reyndist aðalgrasmánuðurinn með 582 grasfrjó, í júní mældust þau 80, í júlí 274, í september 58 og eitt mældist í maí eins og áður er komið fram. Frjótala grasa fór ekki yfir 10 fyrr en komið var fram í síðari hluta júlí (20. júlí) og í septemberbyrjun gerðist það tvisvar að frjótalan fór yfir 10.

Súrufrjó sást fyrst 9. júní. Þau komu fyrir að venju með hléum fram í miðjan ágúst en eftir það mældust aðeins 3 súrufrjó. Heildarfrjöldinn varð 42 og frjótalan varð hæst 4, þann 6. júlí. Þrír aðrir frjókornahópar: rósaætt, víði- og stararfrjó, voru algengari en súrufrjóin í frjófallinu á Akureyri í sumar (sjá töflu). Þeir haga sér á líkan hátt og súrurnar, koma ósamfellt fyrir og frjótölur fara sjaldan yfir 10.

Heildarfrjómagn og skipting í helstu frjógerðir 1998-2010



Þegar á heildina er litið reyndist júní frjóríkasti mánuður sumarsins með 1177 frjó í rúmmetra lofts. Næstur í fjölda var ágúst með 619. Maí og júlí voru með 261 og 378 frjókorn. Einu sinni áður hafa frjókorn í júlí mælt færri, en það var í fyrra. Allir mánuðirnir fyrir utan júní voru með frjókorn undir meðallagi árána 1998–2009. Sumarið 2010 skipar sér í hóp sjö sumra með heildarfrjómagn yfir 2500 (sjá súlurit). Að jafnaði fóru 14,9 frjókorn um hvern rúmmetra andrúmslofts á sólarhring sumarið 2010. Flest voru þau 9. júní, 246, en þann dag voru birkifrjó í hámarki. Frjókorn voru í lofti nær alla daga frá 1. maí til 25. ágúst. Einn dag í maí, 21. maí, mældust engin frjókorn og í ágúst voru engin frjó á ferðinni 26. til 28. ágúst. Þær tvær vikur sem mælt var í september kom einn frjókornalaus dagur, 9. sept. Alls reyndust 17 dagar vera án frjókorna á mælitímabilinu 2010, flestir í apríl en þær tvær vikur sem mælt var voru aðeins tveir dagar með frjókorn á sveimi.

Samkvæmt veðurfarsyfirlitum Veðurstofunnar var meðalhiti á Akureyri yfir meðallagi alla mánuði mælitímabilsins nema í apríl þegar frávikið reyndist  $-0,1$ . Úrkoma var hins vegar meiri en í meðalári bæði í júlí og ágúst þegar grasfrjó eru oftast í hvað mestum fjölda. Júní reyndist hins vegar óvenju þurr og þá urðu frjókorn flest. Þar munar mestu að blómgun birkis var í hámarki þegar nokkuð var liðið á mánuðinn og skilyrði til frjódreifingar ákjósanleg, þurrviðri og hlýindi.

Í nóvember 2010  
Margrét Hallsdóttir

